



Dularfullir pyttir og hæðir í Noctis Labyrinthus

ESP_028410_1710



HIGH RESOLUTION IMAGING
SCIENCE EXPERIMENT
UAHIRISE.ORG/IS



Á þessari mynd sést lægð í Noctis Labyrinthus frá brún til brúnar. Noctis Labyrinthus er vöfundarhús dælda og lægða í fremsta hluta Valles Marineris, stærsta gljúfurs í sólkerfinu. Öll þessi landslagseinkenni benda til þess að skorpan á Mars hafi rifnað í sundur og opnað dýpri innviði Mars. Lægðirnar eru líka staðir þar sem set af ýmsum toga safnast saman. Þegar við komum auga á sérkennileg fyrirbæri á botni einnar lægðar er erfitt að segja til hvort það sé dýpri opna eða eitthvað tiltölulega ungt sem hefur sest þar fyrir. Litirnir á hluta myndarinnar benda til þess að efnið á botni þessarar tilteknu lægðar sé ólíkt því sem sjá má í veggjum hennar.